

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 14/97
frá 24. mars 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 51/96 frá 4. október 1996⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 95/61/EB frá 29. nóvember 1995 um breytingu á II. viðauka við
tilskipun 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr
jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla
II. viðauka við samninginn:

„- 395 L 0061: Tilskipun ráðsins 95/61/EB frá 29. nóvember 1995 (Stjttíð. EB
nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 27).”.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 21, 23. 1. 1997, bls. 6 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 4, 23. 1. 1997, bls. 26.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 27.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 95/61/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 24. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner